

## AUGLÝSING

### um samþykkt þriggja deiliskipulagstillagna, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 6. febrúar 2013 í samræmi við 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt eftirtaldar þrjár tillögur að deiliskipulagi/breytingum á deiliskipulagi. Um er að ræða áður samþykktar tillögur, sem auglýstar höfðu verið til gildistöku, en voru skv. úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála nr. 30/2012 engu að síður ógildar, þar sem meira en þrír mánuðir liðu frá samþykkt þar til auglýsing um gildistöku birtist. Málsmeðferð tillagnanna var því endurtekin:

*Brúnás, 2. áfangi Helgafellshverfis, deiliskipulagsbreyting.*

Meginbreytingin er sú, að legu Brúnáss er breytt og hann láttinn tengjast Ásavegi með T-gatnámótum. Einnig breytist aðkoma að lóðinni Sunnufelli, og verður austan frá, um botnlanga út úr Brúnási.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Fyrri auglýsing nr. 846 um gildistöku birtist 18. október 2012.

*Braut, Mosfellsdal, deiliskipulagsbreyting.*

Breyting á deiliskipulagi Laugarbólslands frá 1999, sem áður hafði síðast verið breytt 26. apríl 2006. Skipulagsbreytingin felst í því að markaður er byggingarreitur á lóð Brautar og heimilað að innan hans risi nýtt einbýlishús með innbyggðum eða stakstæðum bílskúr í stað núverandi húss.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Fyrri auglýsing nr. 174 um gildistöku birtist 25. febrúar 2011.

*Frístundalóð við Silungatjörn, landnr. 125184.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á lóðinni, sem er um 0,67 ha að stærð, megi reisa nýtt frístundahús í stað eldra húss, þannig að frístundahús verði samtals allt að 110 m<sup>2</sup> að stærð auk 20 m<sup>2</sup> geymsluhúss.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Fyrri auglýsing nr. 210 um gildistöku birtist 7. mars 2011.

Ofangreindar þrjár skipulagstillögur hafa hlutið þá meðferð sem lög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 27. febrúar 2013,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.